

Fundargerð
Breikkun Reykjanesbrautar,
fundur með fulltrúum Vatnsleysustrandarhrepps.

Viðstödd:

Þóra Bragadóttir oddviti, Sigurður Kristinsson sveitarstjórnarmaður og Jóhanna Reynisdóttir sveitarstjóri.

Helgi Hallgrímsson og Jónas Snæbjörnsson.

Fundurinn er haldinn hjá HH þ.02.07.01.

Fundurinn er haldinn að frumkvæði sveitarstjóra til að ræða nokkur atriði varðandi undirbúning breikkunar Reykjanesbrautar:

1. **Vegamót við Vatnsleysustrandarveg** í Kúagerði. Sveitarstjórn hefur fengið tillögur um stórauðna starfsemi fyrirtækisins Silungs ehf. Núverandi lega Vatnsleysustrandarvegur þrengir nokkuð að fyrirtækinu. Með því að færa veginn næst Reykjanesbraut og þar með vegamótin a.m.k. 0,5 km vestar yrði skipulag rýmra fyrir starfseminu. Vegagerðin mun kanna möguleika á færslu vegamótanna áður en mat á umhverfisáhrifum verður frágengið.
2. **Val veglínu um Afstapahraun.** Vg hefur lagt til að svokölluð lína K2 verði valin um Afstapahraun og Kúagerði. Sveitarstjórn óskar eftir að samanburður við línurnar A2 eða A3 verði vandaður, því það opni ýmsa möguleika varðandi framtíðarnýtingu landsins norður að sveitarfélagamörkum. Gerð verður grein fyrir samanburði línanna í umhverfismati.
3. **Undirgöng á Skógfellsstíg.** Sveitarstjórn bendir á að með tvöföldun Rnbr. aukist erfiðleikar fólks við að fara yfir brautina. Sérstaklega er bent á samfelld útivistarsvæði hreppsins suður af þéttbýlinu, sem nær m.a. að Háabjalla, sem er sunnan brautarinnar. Vg fellst á að gera ráð fyrir undirgöngum fyrir gangandi og ríðandi umferð á heppilegum stað.
4. **Hjólreiðastígur.** Rætt um væntanlegar hjólreiðastíg. Í frumdrögum er gerð grein fyrir áætluðum kostnaði við að leggja hann klæðingu, þó ekki sé tekin afstaða til þess nú hvenær það yrði gert. Lágmark er að endurmóta veginn þannig að hann teljist góður malarvegur. Sveitarstj. telur að leiðin þurfi einnig að vera opin almennri bílaumferð enda sé um all vinsælan “rúnt” að ræða.

Önnur mál. Sveitarstjóri minnir á fyrirspurn sína um stöðu uppgjörs vegna veghalds og merkinga. JSn mun senda yfirlit.

ritað JSn